



Rannsóknastofnun byggingariðnaðarinnar

Keldnaholti, IS-112 Reykjavík, sími 570 7300, fax 570 7311

Skýrsla nr: 02-01
Dreifing
Opin <input checked="" type="radio"/> Lokuð <input type="radio"/>

Rb/SfB 12	(K)
--------------	-----

Heiti skýrslu: HVS-Ísland. Bakreikningar stífnistuðla út frá falllóðsmælingum	Dags: Janúar 2002
	Fjöldi síðna: 18 + 13 í viðauka
Höfundur: Þórir Ingason	Faglega ábyrgur: ÞÍ
Deild: Vegtæknideild	Rannsóknanúmer: V-0114

Unnið fyrir:

Vegagerðina

Úrdráttur:

Fyrri hluta ársins 2000 var gert svokallað hraðað álagspróf á íslenskum veguppbyggingum í Svíþjóð. Í tengslum við þá tilraun voru gerðar falllóðsmælingar, bæði við byggingu kaflanna og þegar álagsprófinu var lokið.

Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum falllóðsmælinganna og fjallað um bakreikninga efnisstuðla út frá þeim sem voru gerðar áður en hraðaða álagsprófið hófst. Forritið EVERCALC, frá Washington Department of Transportation var notað við bakreikningana.

Niðurstöður benda til að raunhæfust mynd efniseiginleika fáiast þegar ekki er reiknað með steypu lagi í botni gryfjunnar sem kaflarnir voru byggðir í. Efnisstuðlar mismunandi laga eru þá á bilinu 200 til 260 MPa fyrir undirlagið (sand), 180 til 420 MPa fyrir efra og neðra burðarlag sett saman og 570 til 730 MPa fyrir bikbundið lag. Efnisstuðlar efra og neðra burðarlags höfð hvort í sínu lagi eru svipaðir um 200 til 300 MPa.

3 lykilorð: Á íslensku

Á ensku

Falllóðsmælingar	Falling weight deflectometer
Bakreikningar	Backcalculation
Hraðað álagspróf	Heavy Vehicle Simulation

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	2
2. BAKREIKNINGAR ALMENNT	2
3. EVERCALC-FORRITID	3
4. NIÐURSTÖÐUR FALLLÓÐSMÆLINGA Í SVÍP-JÓÐ	4
4.1 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á KAFLA IS01	5
4.2 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á KAFLA IS02	8
4.3 NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á KAFLA IS03	10
5. NIÐURSTÖÐUR BAKREIKNINGA	12
5.1 VINNUÁÆTLUN OG FRAMKVÆMD	12
5.2 NIÐURSTÖÐUR BAKREIKNINGA FYRIR IS01	13
5.2.1 Óbundinn hluti efra burðarlags IS01	13
5.2.2 Bikbundinn hluti efra burðarlags IS01	14
5.3 NIÐURSTÖÐUR BAKREIKNINGA FYRIR IS02	15
5.4 NIÐURSTÖÐUR BAKREIKNINGA FYRIR IS03	16
5.4.1 Óbundinn hluti efra burðarlags IS03	16
5.4.2 Bikbundni hluti efra burðarlags IS03	16
5.5 ÓLÍNULEG HEGÐUN EFNA.....	17
6. UMRÆÐA UM NIÐURSTÖÐURNAR	17

1. Inngangur

Fyrri hluta ársins 2000 var gert svokallað hraðað álagspróf, í skala 1:1, á íslenskum vegbyggingum, við VTI í Svíþjóð [1]. Byggðir voru tilraunakaflar með tveimur gerðum af uppbyggingum, með og án bikbundins hluta efra burðarlags. Í tengslum við prófanirnar voru gerðar falllóðsmælingar, bæði þegar tilraunakaflar voru byggðir og eins eftir að hraðaða álagsprófinu lauk.

Skýrsla þessi er samantekt um falllóðsmælingar og bakreikningna efnistuðla mismunandi laga í tilraunaköflunum, með forritinu EVERCALC frá Washington State Department of Transportation (WSDOT). Verkefnið var unnið fyrir styrktarfé úr Rannsóknna og þróunarsjóði Vegagerðarinnar.

Valtýr Þórisson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, gaf skýrsluhöfundi góð ráð varðandi bakreikningana auk þess sem hann las skýrsluna yfir. Eru honum hér með færðar bestu þakkir fyrir það.

2. Bakreikningar almennt

Mikið hefur verið þróað af alls konar forritum til að bakreikna efnistuðla út frá niðurstöðum falllóðsmælinga. Skipta má þeim upp í nokkra flokka eftir því hvernig þau meðhöndla annars vegar álagið (stöðugt eða dynamískt) og hins vegar efniseiginleika (línulegir eða ólínulegir fjaðrandi, seigjufjaðrandi og/eða plastískir eiginleikar) [2].


Algengast er að nota forrit sem byggja á línulega fjaðrandi líkönum, en þau reikna niðurbeygju undan álagi og bera saman við mælda niðurbeygju sem fæst við falllóðsmælingar með sama álagi [2], [3]. Aðferðirnar reikna sig með ítrun, fram til E-módúla, sem gefa minnsta skekkju, oft reiknaða með aðferð minnstu kvaðrata, í samanburði reiknaðrar og mældrar niðurbeygju [2]. Það er tiltölulega auðvelt að fá niðurstöður úr þessum forritum, en það er margt að varast. Það á einkum við þegar uppbyggingin sem skoðuð er hefur fleiri en tvö lög. Þá er lausnin sjaldnast einhlít og því verður að byggja að hluta á verkfræðilegri dómgreind, þegar unnið er með slík forrit. Í annan stað hegða vegagerðarefni sér ekki línulega fjaðrandi í raun, heldur er ástand þeirra gjarnan spennuháð og ólínulegt. Það býður einnig heim hættu á “röngum” niðurstöðum, ef aðferðir sem notaðar eru gera ekki ráð fyrir því. Þá er algengt vandamál tengt bakreikningum falllóðsmælinga sem gerðar eru úti í vegi, að þykkt laga er ekki þekkt. Það vandamál er þó ekki fyrir hendi í því tilviki sem þessi skýrsla fjallar um, þar sem þykkt mismunandi laga er mjög vel þekkt.

Í heimild [2] eru tillögur um hvernig forrit ætti að nota við mismunandi aðstæður. Þar kemur fram að helst ætti almennt að nota forrit sem geta meðhöndlað kvikt (“dynamískt”) álag, þó svo efnið sé meðhöndlað sem línulega fjaðrandi. Það kemur einnig fram að ef vitað er að að stíft lag er á innan við 6 metra dýpi og undirbyggingin sé spennuháð (til dæmis gerð úr sandi), ætti að nota líkön sem meðhöndla efnið sem ólínulega fjaðrandi, þó álagið sé ekki meðhöndlað sem kvikt. Bæði ofangreind skilyrði eru fyrir hendi í tilraunaköflunum sem byggðir voru í Svíþjóð. Í þessu verkefni var þó aðeins notast við forritið EVERCALC, sem meðhöndlar efnið sem línulega fjaðrandi og álagið sem stöðugt (sjá lýsingu í næsta kafla þessarar skýrslu).

3. EVERCALC-forritið

Hér á Íslandi hefur forritið EVERCALC frá Washingtonríki í Bandaríkjunum, verið notað til bakreikninga í seinni tíð. Forritið má fá á heimasíðu *Washington State Department of Transportation*, sjá heimild [4] og þar er einnig aðgangur að lýsingu þess og leiðbeiningar um notkun, sjá heimild [5].

Á Mynd 1 er flæðirit sem sýnir hvernig forritið virkar í megin dráttum. Eins og fram kemur á Mynd 1, notar forritið líkan sem nefnt er WESLEA, (en það kemur frá Waterways Experiment Station, U.S. Army Corps of Engineers) [5]. Þetta líkan er hefðbundið marglaga línulega fjaðrandi [6], og reiknar niðurbeygjur, til að bera saman við mældar niðurbeygjur. EVERCALC gefur WESLEA forritinu upplýsingar um álag í falllódsprófinu, staðsetningu niðurbeygjumæla, lagþykktir og upphafsgildi á E-módúlum. Hið síðastnefnda er hægt að láta forritið sjálfst finna, eða notandi slær því inn. EVERCALC notar WESLEA-forritið til að reikna niðurbeygjur undan álaginu og ber þær svo saman við mældar niðurbeygjur við falllódsmælinguna, sem slegnar eru inn. EVERCALC heldur áfram að reikna með nýjum E-módúlum, þar til einu af þremur viðmiðum er náð [5]. Þessi viðmið eru í fyrsta lagi tengd samanburði reiknaðrar og mældrar niðurbeygju, þ.e. beitt er aðferð minnstu kvaðrata (RMS%, Root Mean Square) og oftast miðað við að RMS% sé minni en 1%, í öðru lagi breytingum á E-módúlum milli umferða, þ.e. oftast miðað við að hætta ef hann er minni en 1%, og í þriðja lagi fjöldi ítrekana, þ.e. hversu oft eru reikningar endurteknir, ef hvorugt hinna skilyrðanna er uppfyllt fyrr.



Mynd 1 Flæðirit fyrir forritið Evercalc.

Ef falllóðsmælingar á sama punkti eru gerðar með meira en einu álagi, þá skilar líkanið niðurstöðum reikninga á stuðlum (k_1 og k_2) í líkan sem gjarnan er notað í Norður Ameríku til að lýsa ólínulegri hegðun efna [3]. Til þess að finna stuðlana, er beitt línulegri bestun. Fyrir kornótt efni (efni án samloðunar) er líkingin eftirfarandi:

$$E_b = k_1 \theta^{k_2}$$

Þar sem, E_b = stífni stuðull (“resilient modulus”)


θ = “bulk”-spennan ($\sigma_1 + \sigma_2 + \sigma_3$)

k_1 og k_2 eru fylgnistuðlar (“regression coefficients”).


4. Niðurstöður falllóðsmælinga í Svíþjóð

Falllóðsmælingarnar voru gerðar með KUAB-falllóði í eigu VTI í Svíþjóð. Mælingarnar voru ekki gerðar samkvæmt staðli, en stuðst við sænska verklýsingu: VV MB 112:1998. Ekki var alltaf beitt sömu reglu við mælingarnar, en þegar upp var staðið voru þær allar í raun gerðar miðað við svokallaða 5% reglu, þ.e. að mælingum var hætt ef munur á sigi undir miðri plötu milli næstsíðasta og síðasta høggs var minni en 5%. Yfirleitt var mælt á 21 punkti í hvert sinn, þ.e. 7 punktum á miðlínu og 7 punktum hvoru megin, 0,5 m frá miðlínu. Á þessu eru þó undantekningar og er það tekið fram í hvert sinn hér á eftir.

Í upphafi var gert ráð fyrir að byggja tvær gerðir vega og prófa með HVS tækinu í Svíþjóð. Eins og fram kemur í heimild [1], þurfti í raun að byggja þrjá tilraunakafla (IS01, IS02 og IS03). Einn þeirra, þ.e. IS01, var hins vegar ekki byggður með réttum efnum, því bikið í bikbundna laginu var allt of mjúkt. IS03 var því í raun endurbygging á IS01, með réttu biki í burðarlaginu. Ákveðið var að skoða falllóðsmælingar á allar uppbyggingarnar í þessu verkefni. Á myndum: “Mynd 2” og “Mynd 3”, eru sýnd langsnið í kaflana. Á myndunum kemur fram hönnuð þykkt mismunandi laga og raunveruleg þykkt miðað við mælingar þegar kaflarnir voru byggðir.



Mynd 2 Uppbygging kafla IS01 og IS03 og raunverulegar þykktir




Mynd 3 Uppbygging kafla IS02 og raunverulegar þykktir

4.1 Niðurstöður mælinga á kafla IS01


Gerðar voru mælingar á óbundna hluta efra burðarlagsins, eftir að það var lagt út og svo á þeim bikbundna. Í fyrra tilvikinu voru aðeins gerða mælingar með 30 kN álagi og voru mælingarnar gerðar á 14 punktum, 7 hvoru megin á línunum 0,5 m frá miðlínu.

Á bikbundna laginu voru gerðar mælingar með 30 og 50 kN álagi á 21 punkti, 7 á miðlínu og 7 hvoru megin, 0,5 m frá miðlínu.

Á Mynd 4 er sýnt meðaltal allra sigskála fyrir mælingar á óbundna burðarlaginu. Á Mynd 5 eru sýndar sambærilegar niðurstöður mælinga á bikbundna burðarlaginu, fyrir 30 kN og 50 kN álag.



Mynd 4 Niðurstöður falllódsmælinga á óbundnu burðarlagi IS01, 30 kN álag



Mynd 5 Niðurstöður falllódsmælinga á bikbundnu burðarlagi IS01, 30 og 50 kN álag

Reiknað var burðarþol samkvæmt aðferð sem lýst er í norska vegagerðarstaðlinum [7]. Samkvæmt því er burðarþolið reiknað út frá eftirfarandi líkingum og er niðurstaðan gefin upp í tonnum.

$$Burðarþol(tonn) = 11 * \left(\frac{E_{dim}}{200} \right)^{0,6} * \left(\frac{50}{ADT_T} \right)^{0,072}$$

$$E_{dim} (MPa) = \frac{110 * p}{\sqrt{(f_0 * (f_0 - f_{20}))}}$$

þar sem

p = álag plötunnar (MPa)


f_0 = hámarks niðurbeygja í plötumiðju (mm)

f_{20} = niðurbeygja í 20 cm fjarlægð frá plötumiðju (mm)


ADT_T = umferð þungra bíla sem fer um kaflann (hér valið 100).

Burðarþolið var reiknað á ofangreindan hátt fyrir mismunandi mælistöðvar. Á Mynd 6 eru sýndar niðurstöður fyrir mælingar á óbundnu burðarlagi IS01 og á Mynd 7 sambærilegar niðurstöður fyrir mælingar á bikbundna burðarlaginu.

Þegar myndir “Mynd 6” og “Mynd 7” eru skoðaðar, má sjá að örlítill dreifing er í mældu burðarþoli, eftir því hvar mælingin er staðsett, bæði langs eftir tilraunakaflanum (mismunandi stöðvar) og eins þvert (mismunur á staðsetningu miðað við miðlínu). Annað sem vekur athygli er að burðarþolið mælist nokkuð meira þegar 50 kN álag er notað, en fyrir 30 kN. Ein hugsanleg skýring á því kann að vera að 50 kN álagið kemur strax á eftir 30 kN álaginu á sama punkt og því kann efnið að hafa þjappast við mælinguna með 30 kN álaginu.



Mynd 6 Reiknað burðarþol í tonnnum á mismunandi mælistöðum óbundins burðarlags IS01, 30 kN álag




Mynd 7 Reiknað burðarþol í tonnnum á mismunandi mælistöðum á bikbundnu burðarlagi IS01, 30 og 50 kN álag


4.2 Niðurstöður mælinga á kafla IS02

Falllódsmælingar voru gerðar á yfirborði efra burðarlags, áður en klæðing var lögð og á klæðingu eftir að HVS-prófum var lokið. Í fyrra tilvikinu voru gerðar 19 mælingar, þ.e. í 7 punktum 0,5 m vinstra megin við miðlínu og síðan á 6 punktum á miðlínu og 0,5 m hægra megin við miðlínuna, niðurstöður vantar í stöð 2 í þeim tilvikum. Í mælingum eftir HVS-próf var aðeins mælt á 7 punktum á miðlínu. Taka verður fram að stöð 0 var mælinum “snúið öfugt” við það sem var gert við mælingar á óbundna burðarlaginu. Auk þess lenti punktur í stöð 2 á sama stað og niðurbeygjumælir sem settur var í klæðinguna. Utan um hann var málmplata, sem gerði það að verkum að niðurbeygjan mældist minni á þessum stað. Hitastig yfirborðs við mælingar eftir HVS-próf var um 9°C og vatnsstaðan um 26 cm undir yfirborði.

Niðurstöður mælinga á óbundna burðarlaginu, þ.e. meðaltal niðurbeygju, eru sýndar á Mynd 8. Á Mynd 9 eru sýndar niðurstöður mælinga á klæðingu eftir HVS-próf. Um er að ræða meðaltal mælinga, þar sem punkti í stöð 2 er sleppt, þar sem þar var málmplata í klæðingunni eins og áður er getið.




Mynd 8 Niðurstöður falllódsmælinga á óbundnu burðarlagi IS02




Mynd 9 Niðurstöður falllódsmælinga á klæðingu eftir HVS-próf IS02

Á sama hátt og áður var reiknað burðarþol samkvæmt aðferð norsku Vegagerðarinnar fyrir mismunandi mælistöðvar. Á Mynd 10 eru sýndar niðurstöður þessarar útreikninga. Niðurstöðurnar dreifast smávægilega milli stöðva og dreifingin er sambærileg fyrir mismunandi álag. Þó virðist mega álykta að styrkurinn sé svipaður um allan kaflann.

Á Mynd 11 eru niðurstöður reiknaðs burðarþols út frá mælingum eftir HVS-prófið. Ekki eru teknar með niðurstöður í stöð 2, þar sem þar var málmlata í klæðingunni, sem ruglaði mælingarnar. Ekki er rétt að bera þessar niðurstöður beint saman við niðurstöður á Mynd 10, þar sem þá var ekki klæðing á yfirborðinu, og vatnsstaðan er nú um 26 cm undir yfirborðinu en ekkert vatn var í gryfjunni þegar fyrri mælingin var gerð. Samt sem áður bendir þetta til að styrkurinn hafi aukist. Erfitt er að greina ástæðu þess, en hugsanlega hefur efnið í burðarlaginu þjappast við álag frá hraðaða álagsprófinu og mælist því með meira burðarþol. Hins vegar má benda á lögun sigskála, sem koma fram á myndum “Mynd 8” og “Mynd 9”. Af þeim virðist mega ráða að burðarþolið hafi minnkað í meira dýpi (meira sig mælist lengra frá plötumiðju) en í efsta laginu. Það skýrist væntanlega að hluta af því að vatnsstaðan var komin í 26 cm undir yfirborð.



Mynd 10 Reiknað burðarþol í tonnum á mismunandi mælistöðum á óbundnu burðarlagi IS02, fyrir mismunandi álag




Mynd 11 Reiknað burðarþol á mismunandi stöðum miðlinu IS02, eftir HVS-próf (stöð 2 sleppt, þar sem þar var málmlata í klæðingunni)

4.3 Niðurstöður mælinga á kafla IS03


Falllóðsmælingar voru gerðar á yfirborði óbundna hluta efra burðarlags og síðan á bikbundna hluta þess, áður en klæðing var lögð. Þegar HVS-prófum var lokið var gerð falllóðsmæling á yfirborði klæðingarinnar.

Á yfirborði óbundna hluta efra burðarlagsins, voru gerðar mælingar á 21 punkti, 7 punktum á miðlínu og 7 punktum hvoru megin á línunum 0,5 m frá miðlínu. Sama gildir um mælingar á bikbundna hluta efra burðarlagsins. Hitastig yfirborðsins í síðartöldu mælingunum var að meðaltali um 10°C (mældist þó á bilinu 8,6 til 12,6°C). Í mælingum eftir HVS-próf var aðeins mælt á 7 punktum á miðlínu. Í stöð 0 var mælinum “snúið öfugt” við það sem var gert við mælingar á óbundna burðarlaginu. Hitastig yfirborðs við mælingar eftir HVS-próf var um 12°C og vatnsstaðan um 27 cm undir yfirborði.


Meðaltal niðurbeygju fyrir allar ofangreindar mælingar á IS03, eru sýndar á myndum “Mynd 12”, “Mynd 13” og “Mynd 14”.



Mynd 12 Niðurstöður falllóðsmælinga á óbundna hluta efra burðarlags IS03




Mynd 13 Niðurstöður falllóðsmælinga á bikbundna hluta efra burðarlags IS03




Mynd 14 Niðurstöður falllódsmælinga eftir HVS próf IS03


Hér var burðarþol enn reiknað sakmkvæmt norsku aðferðinni. Niðurstöður útreikninga fyrir óbundna hluta efra burðarlagsins eru sýndar á Mynd 15 og fyrir bikbundna hlutann á Mynd 16. Á Mynd 17 er svo sýnt reiknað burðarþol út frá mælingum eftir HVS-keyrslur.



Mynd 15 Reiknað burðarþol í tonnum á mismunandi mælistöðum á óbundna hluta efra burðarlags IS03, fyrir mismunandi álag



Mynd 16 Reiknað burðarþol í tonnum á mismunandi stöðum á bikbundna hluta efra burðarlags IS03, fyrir mismunandi álag



Mynd 17 Reiknað burðarþol á mismunandi stöðum á miðlínu IS03, eftir HVS-keyrslur

Þegar Mynd 15 er skoðuð, sést að það er tilhneiging til að reiknað burðarþol á óbundna hluta efra burðarlagsins sé að aukast frá stöð 1 til stöðvar 6. Burðarþolið sem reiknast á bikbundna laginu er hins vegar jafnara yfir allan kaflann. Athygli vekur að burðarþol á bikbundna hluta efra burðarlagsins reiknast minna en á óbundna hluta þess. Þetta á sér vætanlega skýringu í að bikbundna lagið var lagt 23. mars 2000 og falllódsprófið gert viku síðar. Á þeim tíma hefur ekki náðst styrkur í bikbundna lagið og eins og fram kemur í heimild [1] virtist það aðeins búið að ná upp hluta af styrkt sínum við lok HVS-prófsins. Niðurstöður á Mynd 17 sýna að reiknað burðarþol er svipað eftir HVS-keyrslurnar og á bikbundna laginu. Hins vegar má ekki bera þetta beint saman, þar sem komin er klæðing ofan á bikbundna lagið og vatnið er í um 27 cm dýpi undir yfirborðinu. Þegar sigskálar á myndum “Mynd 15” og “Mynd 16” eru skoðaðar, sést að eins og fyrir IS02 mælist meira sig fjær plötumiðjunni eftir HVS-prófi, sem bendir til að burðarþolið sé minna í neðri lögum, vætanlega þar sem vatnið er komið 27 cm undir yfirborðið.

5. Niðurstöður bakreikninga

Eins og áður er komið fram, voru efnistuðlar bakreiknaðir út frá niðurstöðum falllódsmælinganna, sem sagt er frá í kafla 4, með forritinu EVERCALC. Reikningarnir voru takmarkaðar við mælingarnar sem gerðar voru fyrir HVS-próf. Hér á eftir verður gerð grein fyrir vinnuáætlun og framkvæmd og niðurstöður birtar fyrir mismunandi uppbyggingar.

5.1 Vinnuáætlun og framkvæmd

Í upphafi var gerð vinnuáætlun um bakreikningana, fyrir mælingar sem gerðar voru fyrir HVS-prófið. Gerð var tilraun til að bakreikna fyrir eftirfarandi tilvik:

IS01 mæling á óbundna hluta efra burðarlags:

- Efra og neðra burðarlag í sitt hvoru lagi, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypan í botni gryfjunnar)
- Efra og neðra burðarlag sett saman í eitt lag, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypan í botni gryfjunnar)

IS01 mæling á bikbundna hluta efra burðarlags:

- Óbundni hluti efra burðarlags og neðra burðarlag sett saman í eitt lag, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)

IS02 mæling á óbundið efra burðarlag:

- Efra og neðra burðarlag í sitt hvoru lagi, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)
- Efra og neðra burðarlag sett saman í eitt lag, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)

IS03 mæling á óbundna hluta efra burðarlags:

- Efra og neðra burðarlag í sitt hvoru lagi, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)
- Efra og neðra burðarlag sett saman í eitt lag, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)

IS03 mæling á bikbundna hluta efra burðarlags:

- Óbundni hluti efra burðarlags og neðra burðarlag sett saman í eitt lag, reiknað annars vegar án stífs lags undir og hins vegar með stífu lagi (steypa í botni gryfjunnar)

Eins og fram kemur í kafla 3 hér að framan, eru reikningar ítrekaðir þar til eitt af þremur tilgreindum skilyrðum er náð. Í nánast öllum tilvikum reyndist það skilyrðið um breytingu á reiknuðum E-módúl á milli umferða sem réði því að forritið hætti. Reikningarnir voru gerðir þannig að reynt var að gefa forritinu sem frjálsastar hendur til að reikna efnistuðlana innan ákveðinna marka, þannig að ef forritið notaði gildi sem sett voru sem mörk, voru reikningarnir endurteknir með víðari mörkum. Það tókst þó ekki í öllum tilvikum. Niðurstöður þessarrar aðferðar eru tilgreindar hér á eftir.

Ofangreindir reikningar voru gerðir fyrir allar mælingar hvers álagstilviks, þannig að fyrsta höggi á hverjum punkti var sleppt (gert ráð fyrir að það væri nokkurs konar forálag), en bakreikningar síðan gerðir fyrir hvert högg eftir það.

Einnig voru gerðar tilraunir til að reikna módúla fyrir meðaltal mælinga, þ.e. niðurstöður sem birtar eru á myndum í kafla 4 í þessari skýrslu. Þegar þetta er gert, ættu staðbundnar “skekkiur” eða breytingar ekki að hafa eins mikil áhrif á niðurstöðurnar.

5.2 Niðurstöður bakreikninga fyrir IS01

5.2.1 Óbundinn hluti efra burðarlags IS01

Falllóðsmælingarnar voru eingöngu gerðar með 30 kN álagi á óbundna hluta efra burðarlagsins. Niðurstöður bakreikninga koma fram í töflu “Tafla 6” í viðauka. Nokkuð mismunandi niðurstöður koma út fyrir mismunandi tilvik. Ef meðalgildin eru skoðuð, sést að þegar efra og neðra burðarlagið er haft sitt í hvoru lagi og ekki reiknað með stífu lagi, eru E-gildin c.a. 200 MPa fyrir efra burðarlagið, 300 MPa fyrir það neðra og um 200 MPa fyrir sandinn. Þetta breytist þegar stíft lag er haft þar sem steypa lagið er, þá hækkar E-gildið fyrir neðra burðarlagið mikið og verður að mati skýrsluhöfundar óraunhæft. Um leið reynist erfiðara að fá reiknaðar sigskálar til að

passa við mældar (RMS Error % hærra). Ef efra og neðra burðarlaginu er slegið saman, þá reiknast E-gildin svipuð (240/210 MPa) fyrir samsetta lagið og sandinn, þegar steypunni er sleppt. Hins vegar hækkar E-gildi samsetta lagsins nokkuð (340 MPa) á kostnað sandsins (150 MPa) þegar reiknað er með steypa laginu.

Niðurstöður reikninga á meðaltalssigkúrfum koma fram í töflu “Tafla 1”. Ef þetta er borið saman við niðurstöður í töflu “Tafla 6” í viðauka, sést að í öllum tilvikum er nákvæmnin aðeins meiri (RMS Error% er lægra). Hins vegar er stærðargráða E-gilda hin sama fyrir mismunandi tilvik. Að mati skýrsluhöfundar, gefa reikningar án steypa lagsins raunhæfari mynd af eiginleikum efnisins í uppbyggingunni.

Tafla 1: Niðurstöður bakreikninga fyrir próf á óbundnum hluta efra burðarlags IS01, ef meðalsigkúrfur eru notaðar. Álag er alltaf 31.200 N

Gerð uppbyggingar	E(1) (MPa)	E(2) (MPa)	E(3) (MPa)	E(4) (MPa)	RMS Error %
Efra- og neðra burðarlag sitt í hvoru lagi, ekki stíft lag	215,9	267,3	217,6		7,33
- sama – stíft lag undir.	112,7	1367,9	144,2	25000	15,47
Efra- og neðra burðarlag sett saman, ekki stíft lag	246,8	218,4			7,45
- sama – stíft lag undir.	343,4	152,1	25000		17,82

5.2.2 Bikbundinn hluti efra burðarlags IS01

Á bikbundna burðarlagið voru gerðar falllódsmælingar með 30 og 50 kN álagi. Niðurstöður bakreikninga koma fram í töflum “Tafla 7” og “Tafla 8” í viðauka. Einungis er reiknað fyrir efra og neðra burðarlag sett saman, samanber vinnuáætlun sjá kafla 5.1, þar sem annars yrðu lög uppbyggingarinnar of mörg fyrir EVERCALC-forritið. Tilvikin eru því aðeins tvö, annars vegar án stífs lags og hins vegar með stífu lagi. Niðurstöðurnar eru sambærilegar við þær sem komu úr reikningunum áður en bikbundna lagið var sett á. E-gildin (vegið meðaltal) reiknast svipuð fyrir bikbundna lagið (220 MPa), samsetta lagið (280 MPa) og sandinn (260 MPa), þegar steypunni er sleppt (Tafla 7), en E-gildi samsetta lagsins hækkar töluvert (930 MPa) á kostnað hinna (bikbundna lagið 125 MPa, sandurinn 170 MPa), þegar reiknað er með steypum botni (Tafla 8).

Niðurstöður bakreikninga á meðaltalssigkúrfum koma fram í töflu “Tafla 2”. Ef þetta er borið saman við niðurstöður sem fengust áður (sjá töflu “Tafla 1”), sést að E(2), þ.e. fyrir samsetta lagið, er ekki mjög ólíkt því sem þar fékkst (E(1) þar) eða c.a. 250 – 350 MPa.

Tafla 2: Niðurstöður bakreikninga fyrir próf á bikbundna hluta efra burðarlags IS01, ef meðalsigkúrfur eru notaðar.

Gerð uppbyggingar	Álag (N)	E(1) (MPa)	E(2) (MPa)	E(3) (MPa)	E(4) (MPa)	RMS Error %
Ekki stíft lag undir	28830	192,3	250,1	253,7		9,45
	49840	264,8	290,0	259,7		9,50
Stíft lag undir	28830	111,9	605,4	169,0	25000	18,07
	49840	135,1	815,0	170,8	25000	18,08

5.3 Niðurstöður bakreikninga fyrir IS02

Gerðir voru bakreikningar fyrir mælingar á óbundið efra burðarlag IS02. Um er að ræða fjögur tilvik sem reiknað var fyrir og eru niðurstöður þeirra eru sýndar í töflum “Tafla 9”, “Tafla 10”, “Tafla 11” og “Tafla 12” í viðauka.

Þegar niðurstöðurnar (vegið meðaltal fyrir öll álagstilvikin) eru skoðaðar, sést að ef efra og neðra burðarlag er haft sitt í hvoru lagi og ekki reiknað með steypu lagi (Tafla 9), reiknast E-gildin svipuð fyrir öll lögin, en sandurinn þó sýnu hæstur (efra burðarlag 200 MPa, neðra burðarlag 200 MPa, sandur 260 MPa). Þegar steypa laginu er bætt við (Tafla 10), versnar nálgunin (RMS Error% hækkar) og E-gildi neðra burðarlags hækkar (460 MPa) á kostnað efra burðarlags (160 MPa) og sands (170 MPa). Ef efra og neðra burðarlag eru sett saman, og ekki er reiknað með steypu lagi (Tafla 11), eru niðurstöður ekki ósvipaðar og áður, þ.e. efra og neðra burðarlag saman fá E-gildi um 195 MPa, en sandurinn um 265 MPa. Ef hins vegar er reiknað með steypu laginu (Tafla 12), hækkar E-gildi samsetta lagsins (245 MPa) en sandurinn lækkar aftur á móti (175 MPa).

Niðurstöður reikninga á meðaltalssigkúrfum koma fram í töflu “Tafla 3“. Niðursöður eru sambærilegar við það sem nefnt er hér að ofan, en þó er samsvörunin almennt betri (RMS Error % er lægri). Það er mat skýrsluhöfundar, að reikningar gerðir án steypa lagsins, gefi betri mynd af efnistuðlum uppbyggingarinnar, enda fæst betri nálgun sigkúrfa þar en þegar reiknað er með steypu lagi undir (RMS Error % er lægri).

Tafla 3: Niðurstöður bakreikninga fyrir próf á óbundnu burðarlagi IS02, ef meðalsigkúrfur eru notaðar

Gerð uppbyggingar	Álag (N)	E(1) (MPa)	E(2) (MPa)	E(3) (MPa)	E(4) (MPa)	RMS Error %
Efra og neðra burðarlag, ekki steypa	28726	173,3	186,9	244,0		4,62
	49868	201,2	203,8	260,7		4,67
	64274	217,6	203,7	268,5		4,61
Efra og neðra burðarlag, steyp lag	28726	139,2	542,3	152,6	25000	11,66
	49868	161,1	594,1	163,4	25000	12,4
	64274	173,5	576,9	168,3	25000	12,51
Efra og neðra saman, ekki steypa	28726	178,9	244,7			4,68
	49868	202,3	260,8			4,67
	64274	211,6	267,8			4,65
Efra og neðra saman, steyp lag	28726	224,8	159,9	25000		15,67
	49868	254,1	170,9	25000		15,79
	64274	265,1	175,3	25000		15,41

5.4 Niðurstöður bakreikninga fyrir IS03

5.4.1 Óbundinn hluti efra burðarlags IS03

Niðurstöður bakreikninga fyrir mælingar á óbundna hluta efra burðarlags IS03 eru sýndar í töflum “Tafla 13”, “Tafla 14”, ”Tafla 15” og “Tafla 16” í viðauka. Þegar meðaltalsniðurstöður eru skoðaðar, sést að ef efra og neðra burðarlag er haft sitt í hvoru lagi og ekki reiknað með steypunni (Tafla 13), þá reiknast E-gildi þess efra hæst (540 MPa), neðra burðalagsins næst (320 MPa) en sandsins lægst (200 MPa). Ef hins vegar er reiknað með steypu undir (Tafla 14), breytist þetta þannig að neðra burðarlagið fær hæsta E-gildið (1550 MPa, sem er óraunhæft að mati skýrsluhöfundar), en gildi hinna lækka (efra burðarlag 260 MPa, sandur 125 MPa). Eins og áður versnar þó nálgun sigferlanna við að reikna með steypu lagi (RMS Error % hækkar).

Þegar efra og neðra burðarlaginu er skellt saman og ekki reiknað með steypu (Tafla 15), er niðurstöður sambærilegar við þær sem fengust þegar löginn voru aðskilin. E-módúll samsetta lagsins reiknast um 370 MPa (nálægt vegnu meðaltali hinna aðskildu laganna miðað við þykktir), en sandsins eins og áður um 200 MPa. Þegar svo er reiknað með steypu lagi (Tafla 16), versnar nálgun sigferlanna eins og áður en annars hækkar E-módúll efra samsetta lagsins í 650 MPa, en sandurinn reiknast með sama gildi og þegar löginn voru ekki höfð saman, eða 125 MPa.

Niðurstöður bakreikninga þegar meðaltalssigkúrfur eru notaðar, eru sýndar í töflu “Tafla 4”. Eins og áður er nálgun sigferla betri (RMS Error % er lægri), en annars eru niðurstöður sambærilegar við það sem rætt er hér að framan. Enn er það mat skýrsluhöfundar, að niðurstöður reikninga gerðum án steypis botns gefi betri mynd af efniseiginleikum.

Tafla 4 Niðurstöður bakreikninga fyrir próf á óbundnu burðarlagi IS03, ef meðalsigkúrfur eru notaðar

Gerð uppbyggingar	Álag (N)	E(1) (MPa)	E(2) (MPa)	E(3) (MPa)	E(4) (MPa)	RMS Error %
Efra og neðra burðarlag, ekki steypa	28528	423,9	262,9	194,6		3,61
	49709	513,9	321,1	201,2		2,54
	64971	564,6	355,8	206,0		2,51
Efra og neðra burðarlag, steypu lagi	28528	166,3	1130,6	123,2	25000	12,72
	49709	182	1744,3	126,5	25000	13,57
	64971	193,6	2085,3	128,8	25000	13,55
Efra og neðra saman, ekki steypa	28528	312,9	190,8			3,51
	49709	382,2	197,7			2,94
	64971	422,6	202,6			3,00
Efra og neðra saman, steypu lagi	28528	519,0	120,2	25000		15,53
	49709	669,7	123,9	25000		16,21
	64971	754,7	126,4	25000		16,16

5.4.2 Bikbundni hluti efra burðarlags IS03

Niðurstöður bakreikninga fyrir mælingar á bikbundna hluta efra burðarlags IS03 eru sýndar í töflum: “Tafla 17” og “Tafla 18” í viðauka. Einungis var reiknað með því að óbundni hluti efra burðarlags og neðra burðarlag væru í einu lagi, því annars voru löginn of mörg fyrir forritið.

Þegar niðurstöður (vegið meðaltal) eru skoðaðar, sést að ef ekki er reiknað með steypa laginu (Tafla 17) er E-gildi bikbundna lagsins hæst (655 MPa), en E-gildin fyrir samsetta lagið (215 MPa) og sandinn (225 MPa) eru svipuð, þó örlítið hærri fyrir sandinn. Þegar reiknað er með steypu lagi undir (Tafla 18), breytast niðurstöðurnar þannig að E-gildi bikbundna lagsins (370 MPa) og sandsins (145 MPa) lækka, en E-gildi samsetta lagsins hækkar að sama skapi (365 MPa). Nálgun sigferla versnar þegar reiknað er með steypunni.

Niðurstöður reikninga þegar meðalsigkúrfur eru notaðar, eru sýndar í töflu “Tafla 5”. Nálgun sigferlanna er betri hér, en niðurstöður annars sambærilegar við það sem rætt er hér á undan. Niðurstöður ánn stífs lags eru líklegri til að gefa rétta mynd af efniseiginleikum, að mati skýrshöfundar.

Tafla 5: Niðurstöður bakreikninga fyrir próf á bikbundna hluta efra burðarlags IS03, ef meðalsigkúrfur eru notaðar

Gerð uppbyggingar	Álag (N)	E(1) (MPa)	E(2) (MPa)	E(3) (MPa)	E(4) (MPa)	RMS Error %
Ekki stíft lag undir	28400	573,1	179,7	217,1		2,55
	49557	684,3	221,4	224,6		3,10
	65114	733,2	246,5	227,4		3,49
Stíft lag undir	28400	332,6	289,1	138,7	25000	14,91
	49557	394,2	373,8	143,1	25000	14,87
	65114	417,6	429	144,7	25000	15,06

5.5 Ólínuleg hegðun efna

Niðurstöður reikninga á stuðlunum k_1 og k_2 (sjá kafla 3) voru skoðaðar lauslega fyrir reikninga sem gerðir voru á meðalsigkúrfunum. Að mati skýrshöfundar þurfa þeir nánari skoðunar, og hugsanlega frekari greiningar, og verður það ekki gert í þessu verkefni.

Fyrir IS01 voru aðeins gerðar mælingar fyrir eitt álag á óbundna hluta burðarlagsins og þar með ekki hægt að reikna stuðlana fyrir það. Á bikbundna hlutann var mælt með tvenns konar álagi, sem þýðir að aðeins tveir punktar eru notaðir í nálgun stuðlanna og þar með eru þeir tæpast marktækir.

Fyrir IS02 og IS03 voru hins vegar gerðar mælingar með þrenns konar álagi. Fyrir IS02 sýnast efnin ekki mjög spennuháð, þar sem k_2 reiknast lágt (nálægt 0,1), en algeng gildi eru á bilinu 0,4 til 0,6 [3]. Á þessu er þó ein undantekning, þ.e. þegar er reiknað með efra og neðra burðarlaginu saman og steypu lagi undir, fær sandurinn gildin $k_2 = 0,5$ og $k_1 = 282$. Fyrir IS03 eru niðurstöðurnar nokkuð breytilegar, sandurinn virðist ekki spennuháður ($k_1 < 0,1$), en hin lögin stundum, einkum ef reiknað er með steypu lagi undir.

Eins og áður segir er þetta aðeins lauslega skoðað hér og þarf frekari rannsóknir á þessum þætti til að byggja eitthvað á honum.

6. Umræða um niðurstöðurnar

Þegar niðurstöður, sem fram koma hér á undan í þessari skýrslu, eru skoðaðar vekur e.t.v. fyrst athygli að erfðara er að nálga sigferlana þegar reiknað er með steypu lagi. Í leiðbeiningum með EVERCALC-forritinu [5] er sagt að ef vitað er um stíft lag á innan við 6 metra dýpi, ætti að taka það með í reikninginn. Það á augljóslega við í þessu tilviki, þar sem mjög vel er vitað um staðsetningu steypa lagsins. Eins og fram

kemur í skýrslunni voru bakreikningarnir hins vegar gerðir þannig að reynt var að gefa forritinu sem frjálsastar hendur til að reikna E-gildin, innan ákveðinna marka. Tilraunir til að nálgast sigferlana betur með því að þvinga E-gildi, gáfu ekki niðurstöður sem hægt er að telja “eðlilegar”. Því verður að líta svo á að þær niðurstöður sem fram eru settar séu þær sem næst komast. Þó er rétt að benda á að nálgun sigferlanna er ekki góð þegar reiknað er með steypunni, eins og fram kemur á “RMS Error%” gildunum. Í áðurnefndum leiðbeiningum [5] er nefnt að helst ætti skekkjan að vera innan við 2%. Þó það náist ekki heldur með reikningum án steypunnar, er það þó mun nær lagi. Það er því skoðun skýrsluhöfundar, að niðurstöður fengnar án steypa lagsins, gefi betri mynd af efniseiginleikum í uppbyggingunum sem hér um ræðir.

Ef miðað er við að steypa laginu sé sleppt og niðurstöður eru dregnar saman í örstuttu máli, má segja að sandlagið hafi efnistuðul á bilinu 200 til 260 MPa í öllum uppbyggingunum. Fyrir IS01 og IS03 er efra og neðra burðarlagið saman með efnistuðul á nokkuð stóru bili, eða 180 til 420 MPa, en fyrir IS02 á bilinu 180 til 220 MPa. Ef valið er að skoða efra og neðra burðarlagið sitt í hvoru lagi, eru efnistuðlar hvors um sig af svipaðri stærðargráðu. Bikbundna lagið í IS01 hefur mjög lágan efnistuðul, 200-250 MPa. Kemur það ekki á óvart, því eins og nefnt er í kafla 4, var notað of mjúkt bik í því tilviki. Fyrir bikbundna lagið í IS03 reiknast efnistuðull á bilinu 570 til 730 MPa, en þó er rétt að hafa í huga að þegar falllóðsmælingin var gerð hefur lagið tæpast verið búið að ná upp fullum styrk, eins og rætt er í kafla 4.3 hér að framan. Þrátt fyrir þessa samantekt niðurstaðna hér, er rétt að benda á að e.t.v. ætti að nota niðurstöðurnar þannig að velja gildi með tilliti til hvernig módel af uppbyggingunum, sem gerðar voru í tengslum við HVS-verkefnið í Svíþjóð, verið er að skoða í hvert sinn.

Viðauki

Tafla 6: Niðurstöður bakreikninga falllódsmælinga á IS01, óbundinn hluta efra burðarlags.

Station	vinstri/hægri	Load (N)	poisson hlutfall				poisson hlutfall				poisson hlutfall			poisson hlutfall				
			E(1)(MPa)	E(2)(MPa)	E(3)(MPa)	Error%	E(1)(MPa)	E(2)(MPa)	E(3)(MPa)	E(4)(MPa)	Error%	E(1)(MPa)	E(2)(MPa)	E(3)(MPa)	Error%			
			Efra burðarlag: 10,8 0,4				Efra burðarlag: 10,8 0,4				Efra burðarlag: 31,6 0,4			Efra burðarlag: 31,6 0,4				
			Neðra burðarlag: 20,8 0,4				Neðra burðarlag: 20,8 0,4				Neðra burðarlag: ∞ 0,35			Neðra burðarlag: 265,1 0,35				
			Sandur: ∞ 0,35				Sandur: ∞ 0,35				Sandur: ∞ 0,35			Sandur: 265,1 0,35				
			Stift lag: nei -				Stift lag: já 0,3				Stift lag: nei -			Stift lag: já 0,3				
			RMS				RMS				RMS			RMS				
0	v	31500	195,5	382,0	207,2	5,31	117,2	2000,0	136,4	25000,0	14,02	292,3	209,5	6,52	437,0	145,9	25000,0	18,39
1	v	31300	227,4	250,0	197,6	6,01	116,8	1105,9	133,9	25000,0	17,29	241,4	197,9	6,04	328,7	139,9	25000,0	18,64
1	v	31400	248,8	274,9	195,7	5,65	122,0	1440,6	130,8	25000,0	16,34	265,0	196,0	5,68	369,9	137,7	25000,0	17,94
1	v	31400	259,9	274,8	193,9	5,46	125,4	1398,2	130,0	25000,0	16,48	269,2	194,1	5,47	373,0	136,5	25000,0	17,84
2	v	31500	210,4	271,2	207,3	8,56	103,7	2000,0	136,6	25000,0	18,72	246,1	208,2	8,71	338,6	148,3	25000,0	20,95
2	v	31500	230,1	287,6	204,6	8,23	112,2	2000,0	135,1	25000,0	18,46	264,2	205,3	8,34	366,7	146,1	25000,0	20,60
3	v	31300	199,3	312,7	202,7	6,00	108,2	1919,3	133,8	25000,0	16,05	262,7	204,2	6,57	375,0	143,8	25000,0	19,07
3	v	31500	198,7	347,0	203,1	6,25	112,9	2000,0	133,7	25000,0	15,33	278,6	204,9	7,02	406,1	143,6	25000,0	18,96
4	v	31200	197,9	222,1	211,7	3,03	132,8	467,7	147,2	25000,0	15,80	213,3	212,1	3,13	273,6	150,2	25000,0	17,13
4	v	31100	225,0	222,6	211,7	2,33	146,8	469,0	146,5	25000,0	15,05	223,4	211,6	2,33	287,8	149,0	25000,0	16,14
5	v	31200	156,9	278,8	213,8	6,35	91,8	1615,3	142,8	25000,0	17,20	223,1	216,3	7,45	297,6	154,6	25000,0	20,51
5	v	31300	173,5	296,8	210,5	5,61	99,9	1662,7	140,1	25000,0	16,07	241,1	212,6	6,57	337,6	150,2	25000,0	19,43
6	v	31500	144,3	250,5	221,5	7,20	84,4	1467,7	149,5	25000,0	19,22	203,1	224,2	8,26	259,3	162,5	25000,0	21,91
6	v	31300	161,8	266,5	216,0	6,59	91,7	1622,9	145,1	25000,0	18,70	220,3	218,1	7,42	286,1	157,5	25000,0	21,22
6	v	31400	166,1	287,8	214,5	6,36	94,7	1811,5	142,9	25000,0	17,74	232,7	216,8	7,33	309,3	155,5	25000,0	20,77
0	h	30800	194,5	306,5	209,0	8,35	105,5	2000,0	138,0	25000,0	17,91	256,5	210,8	8,81	362,2	149,8	25000,0	21,14
0	h	30900	198,4	318,7	206,3	8,61	108,7	2000,0	136,3	25000,0	17,97	264,5	208,0	9,07	374,5	148,0	25000,0	21,31
1	h	31000	171,8	325,6	209,6	11,31	101,0	2000,0	139,8	25000,0	20,54	251,0	212,3	12,01	352,3	153,6	25000,0	24,41
1	h	31000	180,6	341,3	206,1	10,65	106,2	2000,0	137,3	25000,0	19,72	263,3	208,7	11,32	375,6	150,1	25000,0	23,62
2	h	31300	229,8	313,0	206,2	10,08	117,5	2000,0	136,9	25000,0	19,57	277,5	207,3	10,24	392,2	148,2	25000,0	22,22
3	h	30900	248,0	224,9	208,7	10,24	104,4	1840,0	139,0	25000,0	21,76	233,1	208,3	10,26	297,5	150,8	25000,0	22,17
3	h	31000	248,2	234,9	208,8	9,54	112,7	1393,5	141,4	25000,0	20,90	239,7	208,6	9,55	307,9	150,5	25000,0	21,54
4	h	30900	202,9	305,2	228,7	7,86	108,8	2000,0	151,9	25000,0	18,35	260,7	230,4	8,28	359,8	164,4	25000,0	21,10
4	h	30800	200,7	324,1	226,9	7,61	111,2	2000,0	150,7	25000,0	17,67	268,8	228,9	8,19	375,3	162,9	25000,0	20,82
5	h	30600	202,0	293,9	219,4	8,48	106,2	2000,0	145,1	25000,0	18,40	254,2	220,9	8,80	351,6	157,4	25000,0	21,13
5	h	30700	200,8	305,0	219,3	8,43	107,8	2000,0	144,7	25000,0	17,64	259,1	221,0	8,83	361,8	156,8	25000,0	20,77
6	h	30900	169,2	210,9	225,9	13,62	82,8	2000,0	150,9	25000,0	24,93	193,9	227,1	13,72	234,3	169,0	25000,0	26,12
6	h	30700	180,0	215,6	224,9	13,06	86,4	2000,0	150,4	25000,0	24,60	201,4	225,8	13,13	244,2	167,8	25000,0	25,62
		meðaltal:	200,8	283,7	211,1	7,74	107,8	1721,9	141,0	25000,0	18,30	246,4	212,5	8,18	337,0	151,8	25000,0	20,77

Tafla 7 Niðurstöður bakreikninga falllööðsmælinga á IS01, bikbundni hluta efra burðarlags ekkert stíft lag.

						poisson											
						þykkt (cm)											
						bikbundni lag											
